

Hringbrautin – gönguleið kringum Kerlingarfjöll

Kerlingarfjöll eru ein af náttúruperlum landsins. Þar fara saman stórkostlegt landslag, fjölbreytt og fróðleg jarðfræði og síðast en ekki síst samspil jökla og jarðhita, gróðurs og gróðurleysis og ótrúleg litadýrð.

Árið 2010 ákváðu eigendur Hálandismiðstöðvarinnar í Kerlingarfjöllum að kynna göngufólki möguleika þess að ganga kringum fjöllin, eða gegnum þau að hluta og kynna sér fegurð þeirra.

Hafist var handa um að merkja gönguleiðina, en miðað er við að gangan taki 3 daga. Fyrstu nóttina er gisti í Klakk við samnefnt fjall á SA horni fjallaklasans og síðan í litlum skála í Kisubotnum, við NA hornið. Þannig skiptist hringurinn í eftirfarandi dagleiðir ef miðað við að gengið sé rangsælis:

- Ásgarður – Klakkur
- Klakkur – Kisubotnar
- Kisubotnar – Ásgarður

Á kortinu hér sést gönguleiðin, þar sem miðað er við að gengið sé um skarðið milli Hattar og Ögmundar, eftir Sléttaskarði og um Hverabotn. Síðan liggur leiðin yfir Kerlingarskyggni og síðan að laug í Hveradölum og þaðan í Ásgarð. Eins má hugsa sér að ganga sunnan Ögmundar, að Kerlingu og þaðan í Ásgarð, sem væri ekki eins krefjandi ganga. Leiðin er stíkuð að hluta, en eins er hægt að fá GPS punkta af leiðinni.



Hér er aðeins fjallað um þessar dagleiðir, en rétt að taka fram að ekkert er síðra að ganga þessa leið réttisælis.

Dagur 1: Ásgarður – Klakkur

Fyrsta dagleiðin hefst í Hálendismiðstöðinni í Ásgarði, en þaðan er fylgt merktri gönguleið sem liggur upp úr dalnum til Suðvesturs og eftir hæðunum vestan Ásgarðsgljúfurs að skarði milli Hveradalahnjúks og Mænis. Áður en gengið er upp skarðið er farið yfir lítið dalverpi og síðan tekur uppgangan í skarðið við, þar sem gengið er í austurrhlið skarðsins, en fyrir neðan er gljúfur sem er að koma undan snjó, þar sér í íshella sem eru að hverfa. Í skarðinu er ágætt útsýni yfir Kjöl og til norðurs.

Fljótlega eftir að skarðinu sleppir liggur leiðin framhjá Snorrahver og síðan eftir hrygg sem endar hjá nýlegum potti sem hefur verið gerður við Ásgarðsá í botni Hveradala, en þangað er komið eftir 5,2 Km göngu.

Frá pottinum er farið yfir Ásgarðsá á brú og gengið upp með henni að annarri brú sem farið er yfir og síðan er stikum fylgt upp með gufuhverunum og síðan áfram í átt að örjöklinum Löngufönn. Á myndinni sést hvernig leiðin liggur síðan fyrir Löngufönn og upp á Kerlingarskyggni, þar sem hægt er að njóta útsýnisins áður en haldið er áfram að rótum Mænis.



Þegar þangað er komið er fylgt lækjargili niður í Hverabotn, sem er einstaklega fallett hverasvæði, en þar hefur mælst hæsti yfirborðshiti í hver á Íslandi, eða yfir 140°C. Þegar Hverabotninum sleppir er gengið til vesturs eftir Sléttaskarði og síðan utan í hlíðum Hattar upp í skarðið milli Hattar og Mænis, þar sem opnast útsýni yfir miðhluta hálendisins, frá Bláfelli að Tungnafellsjökli.

Úr skarðinu er gengið eftir stuttum dal sunnan Röðuls, en þegar honum sleppir er stefnan tekin á fjallið Klakk, sem blasir þá við til suðausturs en nær er Grákollur. Þarna tekur við þægilegt göngufæri, aðallega sléttir melar. Skömmu áður en komið er að Grákolli er komið að gili sem Kerlingará hefur grafið í aldanna rás og er farið yfir það við NV horn Grákolls og síðan gengið milli hans og Klakks að skálanum Klakk, sem er ákjósanlegur náttstaður.

Dagur 2: Klakkur – Kisubotnar

Þótt dagleiðin milli Klakks og Kisubotna sé stutt, þá er hún um margt áhugaverð, bæði vegna útsýnisins og þess sem nær er. Fyrst er gegnið inn með Klakk og upp með gili sem liggur þar sem landið er lægst milli Draugafells og Rauðkolls. Þetta gil er sundurskorið og áhugavert að sjá.

Síðan tekur við slétta milli fellanna Draugafells Kisubotnahjúks og Rauðkollanna, en stefnan er á Kisubotnahjúk. Ef skyggni er gott, er tilvalið að ganga á Draugafellið eða Vestari Rauðkoll.

Þegar komið er nær Kisubotnahjúk er komið að Kisubotnagljúfri, stórbrotnu gljúfri bæði vegna hrinaleika og litadýrðar.

Gljúfrinu er fylgt þangað til komið er niður í Neðri Kisubotna og þar sem Kisubotnaskálinn blasir við.



Dagur 3: Kisubotnar – Ásgarður

Frá skálanum er gengið að Kisu og henni fylgt til upptaka, til að byrja með á vesturbakkanum, en þar sem efri og Neðri Kisubotnar mætast eru allsérstæðar uppsprettur sem áhugavert er að skoða, þær eru á vesturbakka árinna, neðst í efri Kisubotnum. Hérefrir er síðan betra að halda sig austan árinna, sem minnkar eftir því sem ofar dregur og verður tær að mestu.

Á vatnaskilum er síðan örstutt í efstu kvíslar í Mosdalnum. Framundan er að ganga milli Mosdalskamb og Illahrauns, en síðar tekur Tröllabarmur við af Mosdalskambi, ofar gnæfir nú Loðmundur í allri sinni dýrð, síðan Snækollur og Fannborg. Þetta svæði er afmarkað af fjöllum og hæðum, Þverfelli til Austurs, með Hofsjökul í baksýn, en framundan er Blágnýpa og síðar Ásgarðsfjall.


Fljótlega liggur leiðin að bíslóðinni og er henni fylgt þangað til að við tekur stikuð leið sem liggur yfir Kerlingarsprænu, upp að Keis og síðan styðstu leið í átt að Ásgarði, þar sem hringurinn lokast

Leiðin í tölum

Gönguleiðin kringum fjöllin er um 47 Km, ef farin er sú leið sem hér hefur verið lýst. Hér að neðan er tölfræði yfir þessar dagleiðir og til samanburðar eru hliðstæðar tölur yfir Laugavegin. Leiðirnar voru mældar með garmin tækjum og er gerður fyrirvari um nákvæmni, enda eru tækin fyrir almenningsnot en ekki landmælinga.

Eins er mynd sem sýnir “hæðarprófil” leiðarinnar.

Byrjun	Ásgarður	Klakkur	Kisubotnar	Samtölur	Laugavegurinn
Endir	Klakkur	Kisubotnar	Ásgarður		
Vegalengd KM	19,59	9,04	17,35	45,98	52,22
Hæð MYS – byrjun	708	852	710		620
Hæð MYS - endir	852	710	708		220
Heildarhækkun M	1.117	213	418	1748	1800
Heildarlækkun M	980	348	420	1748	2200



Tekið saman af Páli Gíslasyni
Júlí 2010.